

að rannsaka hitt atriðið, sem honum var fundið til foráttu, að hann hafi eigi setið jörðina svo vel, sem vera bar. Áfrýjanda var þannig réttilega út bygt af jörðinni, og þar sem hann beitti þrásetu, var rétt að bera hann út af jörðinni. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar ákveðast 20 kr. í málsflutningslaun, er greiddist úr landssjóði. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður og hin stefnda hreppsnefnd að vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda í máli þessu. Yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni greiddist úr landssjóði í málsfærslulaun fyrir yfirdómi 20 krónur.

Mánudaginn 10. septembermánaðar.

Nr. 17/1900:

Carl F. Schiöth

gegn

Sigfúsi Danielssyni fyrir hönd
verzlunar Jóns Magnússonar á
Eskifirði.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Suðurmúlasýslugengnum
20. janúar þ. á. var áfrýjandi þessa máls, kaup-

maður Carl F. Schiöth, dæmdur til að greiða stefnda, verzlun Jóns kaupmanns Magnússonar á Eskifirði, verzlunarskuld að upphæð kr. 80,28. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Carl F. Schiöth áfrýjað til yfirdómsins með stefnu 4. apríl þ. á., og krafist aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 123 72 a., sem sé skuld verzlunarinnar (Jóns Magnússonar) við áfrýjanda, að frádragnum kr. 80,28; til vara hefir hann krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 23 kr. 72 a., og til þrautavara, að áfrýjandi sé sýknaður af kröfum stefnda, en dæmdur til að greiða honum í málskostnað fyrir báðum dómum einhverja upphæð eftir mati réttarins.

Hins vegar hefir hinn stefndi krafist, að hinn áfrýjaði gestaréttardómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í gestaréttinum, bar stefndi upp skuldakröfu sína á hendur áfrýjanda, kr. 75,28, sem undir rekstri málsins fyrir gestaréttinum hefir með samþykki mótpartsins verið hækkuð um 5 kr. Var þá þegar reynd sætt í málinu árangurslaust, og komu ekki önnur mótmæli fram af hendi áfrýjanda gegn nefndri skuldakröfu, en að áfrýjandi ætti hærri mótkröfu á hendur stefnda en skuldakrafa hans næmi. Þessi mótkrafa áfrýjanda, sem hann gjörði nánari grein fyrir í næsta réttarhaldi í málinu, sést eigi

hafa verið lögð til sátta í málinu, sem þó þurfti með, þar sem um sjálfstæða skuldakröfu var að ræða, enda mótmælti stefndi henni frá byrjun sem rangri. Ber því að vísa kröfu áfrýjanda frá gestaréttinum. Hins vegar hefir hann ekki vefengt kröfu stefnda, sem því verður að taka til greina, og ber því, hvað hana snertir, að staðfesta hinn áfrýjanda gestaréttardóm. Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem virðist hæfilega ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Krafa áfrýjanda Carl F. Schiöths vísast frá gestaréttinum. Að öðru leyti á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Áfrýjandi greiði stefnda Sigfúsi Danielssyni fyrir hönd verzlunar Jóns Magnússonar á Eskifirði í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvembermánaðar.

Nr. 26/1900:

Réttvísín

gegn

Einari Finnssyni.

D ó m u r :

Mál þetta hefir verið höfðað gegn ákærða,